



Reykjavík, 13. apríl 2026
VEL26030121

Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um breytingu á gjaldskrá veitinga og fæðis

Á fundi velferðarráðs þann 25. mars 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 23. mars 2026, um breytingu á gjaldskrá veitinga og fæðis:

Lagt er til að velferðarráð heimili velferðarsviði að breyta gjaldskrá veitinga og fæðis fyrir árið 2026. Almennt verð fyrir aðra en lífeyrisþega hækki úr 1.755 kr. í 2.225 kr. Heimsendur matur og hádegismatur í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðvum hækki úr 1.010 kr. í 1.100 kr. árið 2026. Hádegismatur, stök máltíð hækki úr 1.095 kr. í 1.190 kr. Akstursgjald pr. máltíð hækki úr 270 kr. í 325 kr.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að velferðarráð heimili velferðarsviði að breyta gjaldskrá veitinga og fæðis fyrir árið 2026. Almennt verð fyrir aðra en lífeyrisþega hækki úr 1.755 kr. í 1.915 kr. Heimsendur matur og hádegismatur í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðvum hækki úr 1.010 kr. í 1.100 kr. árið 2026. Hádegismatur, stök máltíð hækki úr 1.095 kr. í 1.190 kr. Akstursgjald pr. máltíð hækki úr 270 kr. í 325 kr.

Breytingartillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands gegn atkvæði fulltrúa Framsóknarflokksins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins. Tillagan var samþykkt svo breytt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Þessi tillaga er samþykkt í ljósi þess að kostnaður vegna máltíðapjónustu hefur hækkað og ljóst er að hann mun hækka verulega vegna framkvæmda sem fram undan eru þar sem ekki verður hægt að framreiða mat í Vitatorgi. Máltíðir hækka annarsvegar um 90 krónur og 95 krónur og verð fyrir akstur hækkar um 55 krónur. Þegar framkvæmdum er lokið á Vitatorgi og framleiðslueldhúsið hefur opnað að nýju er mögulega hægt að endurskoða verð aftur í samræmi við framleiðslukostnað.

Fulltrúi Framsóknarflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:



Reykjavík



Í ljósi hárrar verðbólgu og verðbólguþéttis upp á 2,5% getur Framsókn ekki stutt við gjaldskrárhækkunir sem nema allt að 20%. Slíkar hækkunir eru langt umfram verðbólguþéttis. Um er að ræða enn eina gjaldskrárhækkunina af hálfu vinstri flokkanna á borgarbúa, en Veitur hafa til að mynda verið að hækka gjaldskrár sínar langt umfram almennar verðlagsbreytingar. Allt þetta leggst ofan á hækkunir ríkisstjórnarinnar. Betur hefði farið á því að hagræða í rekstri borgarinnar til að mæta auknum kostnaði vegna breytinga á matarþjónustu borgarinnar.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu gjaldskrárbreytingarinnar í b-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um breytingu á gjaldskrá veitinga og fæðis í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðvum velferðarsviðs, lögð fram á fundi velferðarráðs 25. mars 2026, ásamt fylgiskjali.



Reykjavík



Reykjavík, 23. mars 2026

VEL26030121

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Breytingar á gjaldskrá veitinga og fæðis

Lagt er til að velferðarráð heimili velferðarsviði að breyta gjaldskrá veitinga og fæðis fyrir árið 2026 Almennt verð fyrir aðra en lífeyrisþega hækki úr 1.755 kr. í 2.225 kr. Heimsendur matur og hádegismatur í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðvum hækki úr 1.010 kr. í 1.100 kr. árið 2026. Hádegismatur, stök máltíð hækki úr 1.095 kr. í 1.190 kr. Akstursgjald pr. máltíð hækki úr 270 kr. í 325 kr.

Greinargerð:

Á fundum velferðarráðs þann 21. janúar 2026 og borgarráðs þann 29. janúar 2026 var samþykkt að ráðast í endurbætur á framleiðslueldhúsi á Vitatorgi og fá þriðja aðila til að sjá um framleiðslu máltíða á meðan á framkvæmdum stendur. Áætlað er að undirbúningur og hönnun taki sex mánuði og framkvæmdir 8–12 mánuði. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafði áður veitt tímabundið starfsleyfi til 27. maí 2026 og tiltók að starfsleyfi yrði ekki endurnýjað fyrir óbreytta starfsemi. Framleiðslueldhúsinu var síðan lokað fyrirvaralaust þann 2. febrúar 2026 eftir að bakterían *Listeria monocytogenes* fannst í salati sem borið var fram 27. janúar. Vegna þessa óvænta neyðarástands þurfti tafarlaust að tryggja áframhaldandi matarþjónustu. Gerður var tímabundinn samningur við Krydd og kaviar ehf. til 30. apríl 2026. Í kjölfarið samþykktu velferðarráð þann 4. mars og borgarráð þann 5. mars að hefja útboð á máltíðum fyrir næstu 22 mánuði.

Gert er ráð fyrir að þjónustan verði dýrari en framleiðsla eldhússins á Vitatorgi. Því er lagt til að hækka almennt verð fyrir aðra en lífeyrisþega úr kr. 1.755 í kr.2.250. Gjald fyrir heimsendan mat og hádegismat í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðvum hækki um 90 krónur úr kr.1.010 í kr. 1.100 til að mæta auknum kostnaði. Gert er ráð fyrir að hækkun verðs á máltíðum um 90 kr. muni skila um 18 m.kr. í auknum tekjum fyrir tímabilið maí – desember 2026.

Einnig er lagt til að hækka akstursgjald pr.máltíð úr 270 kr. í 325 kr. Gert er ráð fyrir að sú aðgerð muni skila um 2,5 m.kr. árlega í tekjur.

Vegna yfirstandandi nauðsynlegra aðgerða í matarþjónustu velferðarsviðs er mikilvægt að leita allra leiða til þess að koma til móts við aukna fjárþörf. Þegar framkvæmdum er lokið á Vitatorgi og framleiðslueldhúsið hefur opnað að nýju er mögulega hægt að endurskoða verð aftur í samræmi við framleiðslukostnað.



Fylgiskjal:

Ný gjaldskrá veitinga og fæðis 2026

1. grein

Veitingar og fæði	Verð kr.
Mjólkurglas	75
Kaffi og te	235
Gos, malt og pilsner	335
Kaffimeðlæti	325
Hádegismatur stök máltíð (lífeyrisþegar)	1.190
Hádegismatur – fast fæði/matarmiðar (ellilífeyrisþegar)	1.100
Hádegismatur – almennt verð fyrir aðra en lífeyrisþega	1.915
Heimsendur matur	1.100
Heimsending – akstursgjald pr.máltíð	325
Kvöldverður í þjónustuíbúðum	520

**Veitingar og fæði****Verð kr.**

Morgunverður í þjónustubúðum	245
------------------------------	-----

Gildistaka

- Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 20. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, sbr. 2. og 4. tl. 13. gr. sömu laga og 40. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
- Gjaldskrá þessi öðlast gildi þann 1.maí 2026 og fellur þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis.